

## REGLUGERÐ

um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kaupúnum til greiðslu kostnaðar vegna skipulagsmála.

209

21. okt.

### 1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er í kaupstöðum þeim og kaupúnum, sveitaþorpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppdráttur hefur verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hverrar húseignar.

### 2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur  $\frac{1}{5}$  verðs eldra hússins.

### 3. gr.

Gjaldið skal greiða til lögreglustjóranna í því lögsagnarumdæmi, sem húsið er í, en í Reykjavík til tollstjóra. Það fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing fer fram og má taka það lögtaki.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkissjóðstekjum.

### 4. gr.

Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtumannni fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss þegar eftir að virðing hefur farið fram, og skulu þau veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 64 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupúna og sjávarþorpa, og kemur í stað reglugerðar nr. 97 5. ágúst 1938, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1953, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

## REGLUGERÐ

um uppbætur á sparifé samkvæmt 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu o. s. frv.

210

28. okt.

### 1. gr.

Rétt til bóta á sparifé eiga einstaklingar, en ekki félög, stofnanir, sjóðir eða aðrir ópersónulegir aðilar.

### 2. gr.

Til sparifjár, sem bætur greiðast á samkvæmt 1. gr., telst fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparisjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánastofnanir, sem hafa fengið löggildingu hins opinbera sem slíkar og ávaxtað hafa fé með sparisjóðskjörum. Hins vegar skulu ekki greiddar bætur á innstæður í hlaupareikningum og öðrum hliðstæðum reikningum. Enn fremur skulu bætur

210 greiddar á innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innláns-  
28. okt. vextir sparisjóða hafa verið greiddir af.

3. gr.

Það er skilyrði bótagreiðslu, að innstæða hafi verið talin fram til skatts á eigna-  
framtali frá 31. desember 1941 til 31. desember 1945 og öll árin þar á milli samkvæmt  
lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Innstæður einstaklinga í  
verzlunarreikningum skulu ekki bættar, nema innstæðueigandi leggi fram yfirlýs-  
ingu skattanefndar um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.

4. gr.

Bætur verða því aðeins greiddar, að innstæðan hafi staðið inni óslitið frá árs-  
lokum 1941 til júníloka 1946 til ávöxtunar í viðskiptastofnunum þeim, sem taldar  
eru í 2. gr.

Réttur til bóta fellur ekki niður, þótt sparifé hafi verið flutt úr einum spari-  
fjárreikningi í annan reikning sama einstaklings í sömu stofnun eða úr spari-  
fjárreikningi í einni stofnun í sparifjárreikning í annarri stofnun, enda hafi flutn-  
ingurinn ekki tekið meira en tvo daga, ef flutt er innan sama bæjarfélags, en  
annars ekki meira en tvær vikur.

5. gr.

Bætur skulu því aðeins greiddar, að innstæðueigandi hafi verið á lífi við gildis-  
töku laga nr. 22 19. marz 1950. Þó skal maka látins innstæðueiganda, foreldri hans  
eða nið greiddar bætur á innstæðu, sem hefur gengið að erfðum til þeirra.

6. gr.

Heimilt skal að greiða bætur með ríkisskuldabréfum.

7. gr.

Landsbanki Íslands hefur með höndum framkvæmd úthlutunar bótanna.

8. gr.

Landsbanki Íslands skal gefa út innköllun til sparifjäreigenda og skulu þeir  
hafa lýst kröfum sínum um bætur fyrir bankanum innan fjögurra mánaða frá  
síðustu birtingu innköllunarinnar, að viðlögðum kröfumissi.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um  
gengisskráningu o. s. frv., öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 28. október 1952.*

**Björn Ólafsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*